



Leiðbeiningar um skráningu kjörinna fulltrúa hjá Akureyrarbæ á fjárhagslegum hagsmunum og trúnaðarstörfum

1. gr.

Tilgangur

Hagsmunaskráning kjörinna fulltrúa er leið til að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar í þeim tilgangi að auka gagnsæi og traust á störf þeirra.

2. gr.

Við hverja á hagsmunaskráning

Hagsmunaskráning tekur til þeirra aðal- og varamanna í bæjarstjórn sem það kjósa.

3. gr.

Verklag

Stjórnsýslusvið birtir á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is skrá um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf þeirra í þágu annarra. Viðkomandi lætur sjálfur upplýsingarnar í té með skráningu í form í gátt Akureyrarbæjar. Skráning í íbúagátt skoðast sem samþykki fyrir skráningu og opinberri birtingu á vef Akureyrarbæjar og við skráningu lýsir aðili því yfir að upplýsingar séu veittar eftir bestu samvisku. Lagt er til að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast. Upplýsingar skulu fjarlægðar af vef Akureyrarbæjar þegar viðkomandi fulltrúi skv. 2. grein lætur af störfum eða óskar þess. Ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem eru tilgreindir í skránni.

4. gr.

Tímamörk

Lagt er til að aðilar skrái eigi síðar en þremur mánuðum eftir kosningu eða skipan sem aðal- eða varabæjarfulltrúi umbeðnar upplýsingar samkvæmt leiðbeiningum þessum í gegnum gátt Akureyrarbæjar. Lagt er til að aðilar viðhaldi sjálfir skráningu sinni með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því tilefni verður til.

5. gr.

Hvað er æskilegt að skrá

5.1 Launagreiðslur

Ekki skal skrá upphæðir launagreiðslna en skrá upplýsingar um launað vinnuframlag, starfsemi og stjórnarsetu sem hér segir:

5.1.1 Skrá launuð störf eða verkefni ef heildargreiðsla á almanaksári er kr. 100.000 eða hærri.

Skrá starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa.

5.1.2 Starfsemi sem sinnt er samhliða starfi í þágu Akureyrarbæjar ef heildargreiðslur á almanaksári eru kr. 100.000 eða hærri.

Skrá heiti og tegund starfsemi.

5.1.3 Aðrar greiðslur frá Akureyrarbæ, Norðurorku og Hafnasamlagi Norðurlands ef heildargreiðsla á almanaksári er kr. 100.000 eða hærri.
Skrá heiti þess sem greiðir og tilefni greiðslu

5.1.4 Ekki skal skrá fjárhagslegan stuðning s.s. húsnæðisbætur.

5.1.5 Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum.
Skrá hlutverk í stjórn og heiti félags óháð upphæð launagreiðslna.

5.2 Fjárhagslegur stuðningur

Í 8. grein siðareglna kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar kemur fram:

„Ekki er heimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Akureyrarbæjar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins, sem túlka má sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda.

Kjörnir fulltrúar mega þó þiggja gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning vegna starfa sinna, þar sem hagsmunir fyrstu málsgreinar eru ekki fyrir hendi en lagt er til að þeir birti það í hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa“.

5.2.1 Skrá gjafir sem tengjast beint störfum kjörinna fulltrúa.
Skrá nafn gefanda, tilefni gjafar, hvers eðlis hún er og hvenær hún var látin í té.

5.2.2 Skrá gjafir frá erlendum aðilum s.s. vegna vinabæjasamskipta.
Skrá nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers eðlis hún er og hvenær hún var látin í té.

5.3 Eignir

Skrá eignir sem hér segir:

5.3.1 Fasteignir í eigu aðila að einum þriðja eða meira og nýttar eru í atvinnuskyni eða til útleigu.
Ekki skal skrá fasteignir sem ætlaðar eru til eigin nota viðkomandi og fjölskyldu hans.

5.4 Stjórnarseta og trúnaðarstörf

Skrá stjórnarsetu og trúnaðarstörf sem hér segir:

5.4.1 Skrá upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir einkarekin eða opinber félög og hagsmunasamtök óháð því hvort umrædd störf eru launuð eða ekki.

Skrá nafn og hlutverk í stjórn eða eðli trúnaðarstarfs eftir því sem við á.

5.4.2 Skrá upplýsingar um stjórnarsetu og trúnaðarstörf fyrir opinberar stofnanir, Akureyrarbæ, önnur sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, óháð því hvort umrædd störf eru launuð eða ekki.

Skrá nafn og hlutverk eða eðli trúnaðarstarfs eftir því sem við á.

5.4.3 Ekki skal skrá stjórnarsetu og trúnaðarstörf í þágu stjórnmalaflokka og stéttarfélaga.